

AUGLÝSING

um innflutningskvóta.

Með skírskotun til 3. gr. reglugerðar nr. 79 27. maí 1960, um skipan gjaldeyris- og innflutningsmála o. fl., hefur ríkisstjórnin í samráði við Seðlabankann ákveðið innflutningskvóta fyrir árið 1972 samkvæmt eftirfarandi lista:

Tollskrárn.	Vörutegund	Innflutnings- kvóti 1972
09.01.11	Brennt kaffi í smásöluumbúðum, 2 kg eða minna	kr. 5 000 000
17.04.01	Lakkrís, sykraður og lakkrísvörur	} — 25 000 000
17.04.03	Brjóstsykur, sælgætistöflur og pastillur	
17.04.04	Tyggigúmmi, húðað með sykri og óhúðað	
17.04.05	Karamellur	
17.04.09	Aðrar sykurvörur, sem kakaó er ekki í	
18.06.09	Súkkulaði og aðrar neyzluvörur, sem í er kakaó	
20.04.00	Ávextir, ávaxtahýði og plöntuhlutar varið skemmdum með sykri (húðað, gljásykrað eða sykrað á annan hátt), þó ekki súkkat	— 5 000 000
22.03.00	Öl gert úr malti, sem inniheldur 2¼% af vínanda að rúmmáli eða minna	— 5 000 000
25.23.00	Portlandssement, alumínatsement, slaggssement og annað hydrolisert sement, einnig litað eða sem sementsgjall	10 000 tonn
59.04.01	Færi og línur til fiskveiða	120 tonn
Ex 59.04.02	Kaðlar, þó ekki grastóg og vírmanilla	290 tonn
Ex 85.01.09	Spennar, þó ekki rafsuðuspennar	— 11 000 000
Ex 94.01.09	Stólar og önnur sæti (þar með taldir svefnsófar o. þ. h.) og hlutar til þeirra, þó ekki sæti, er teljast til nr. 94.02 eða sæti í farartæki	} — 35 000 000
94.03.09	Önnur húsgögn og hlutar til þeirra	
94.04.04	Rúmbotnar, dýnur, púðar og þess háttar, stoppaður húsbúnaður með fjöðrum eða bólstraður eða hið innra úr hvers konar efni eða úr blásnu gúmmíi, frauð- eða svampgúmmíi, eða úr blásnu plasti, frauð- eða svampplasti, einnig með yfirklaði (t. d. dýnur, stungnar ábreiður, sængur, æðardúnssængur, sessur, púðar og koddar)	
96.01.00	Sópar og burstar úr hrísi og öðrum jurtaefnum, aðeins samanbundið, en ekki fest á haus, með eða án skafts	} — 3 000 000
Ex 96.02.09	Aðrir sópar, penslar og burstar, þó ekki gúmmípurkur á skafti, skaftþvögur o. þ. h., ót. a.	

Umsóknir um fyrstu úthlutun ársins skulu hafa borizt Landsbanka Íslands eða Útvegsbanka Íslands fyrir 1. febrúar 1972.

Viðskiptaráðuneytið, 27. desember 1971.

Lúðvík Jósefsson.

Þórhallur Ásgeirsson.